



RÁÐHÚS Í GARÐI

Endur- og viðbætur á Ráðhúsi Akureyrar

Afstaða

Ráðhús Akureyrar hefur sérstæða afstöðu til nærliggjandi umhverfis þar sem byggingin stendur ekki sam-síða Glerárgötu, ólíkt öðrum nærliggjandi byggingum. Byggingin var upphaflega hönnuð þannig að hún stæði meðfram Geislagötu en fyrirhuguð Geislagata var aftur á móti aldrei kláruð eins og upphafleg skipulagsdrög gerðu ráð fyrir. Af þeim ástæðum hefur ráðhúsið sína óvenjulegu staðsetningu og stefnu. Höfundar vilja nýta sér þessi sérkenni og styrkja þessa afstöðu byggingarinnar í stað þess að reyna að aðlaga hana að nærliggjandi byggð og gatnakerfi. Í tillögu þessari er lagt til að Ráðhúsið fylgi öðrum opinberum byggingum Akureyrarbæjar sbr. Akureyrarkirkju, Hofi og Amtsbókasafninu, sem eru stakstæðar byggingar með skýrt form og gott andrými. Þetta tungumál opinberra bygginga Akureyrarbæjar er mikilvægt að fylgja eftir og styrkja að mati höfunda. Ráðhúsið mun því standa eitt og sér í myndarlegum garði og verður sterkt og kraftmikið kennileiti í miðbæ Akureyrar.


Lóð og aðkoma

Lóðinni verður skipt í tvo hluta þar sem ráðhúsið mun fá skýrt afmarkaðan reit sem kalla mætti Ráðhúsgarðinn. Norðan megin við Ráðhúsgarðinn verða bílastæði staðsett á reit sem býður upp á möguleika á frekari uppbyggingu í náninni framtíð. Höfundar sjá fyrir sér að bílastæðareitur gæti verið þróaður í tengslum við nærliggjandi svæði t.d. Akureyrarvöll, sem er skilgreindur sem þróunarsvæði og gæti þessi hluti lóðarinnar tekið mið af því.

Ráðhúsgarðinum má skipta í tvennt þ.e. Torg og lystigarð. Austan megin við húsið, nær Glerárgötu, verður aðkomutorg en lystigarðurinn er staðsettur vestanme-gin við húsið, nær íbúðabyggð. Lystigarðurinn verður gróðursettur með ólíkum trjágróðri og plöntum og mun hafa yfir sér rólegan blæ og myndar samtál við aðliggjandi bakgarða. Austurhlið lóðarinnar mun aftur á móti tengjast betur helstu umferðarásum Akureyrarbæjar og hafa borgaralegt yfirbragð.

Aðalinngangar eru fyrir miðju húss, bæði austan og vestanme-gin, með óhindruðu aðgengi hvaðan af lóðinni sem er. Sérinngangur starfsmanna og flóttaleiðir eru til beggja enda hússins, við ný stigahús. Þá er hjólagemysla og vörumóttökusvæði norðanme-gin við bygginguna en skammtíma-og sleppistæði sunnanme-gin við bygginguna.

Til þess að undirstrika stefnu Geislagötu í gegnum lóðina, í átt að Eiðsvöllum, verður yfirborðið afmarkað með hellulögn til blæbrigðamuna. Að öðru leyti verður lóðin ýmist tyrfð eða hellulögð í bland við fjölbreyttan gróður og gróðurbeð. Lóðin myndar því samhangandi garðsvæði og upp úr honum stendur reisulegt Ráðhús Akureyrar - eins og skúlptúr.



Uppbygging

Framkvæmdinni má lýsa þannig að byggt verði við núverandi húsgafla, efsta hæðin rifin, tveimur húshæðum bætt við og kjallari endurskipulagður. Núverandi bygging er staðsteypt og einangruð að innan með tvöföldu súlnakerfi eftir endilangri miðju hússins, með miðlægu tröppuhúsi og léttbyggðri efstu hæð.

Til þess að auka sveigjanleika í skipulagi og starfsemi hússins telja höfundar það nauðsynleg að bæta við nýjum lóðréttum tengingum á göflum hússins og fjarlægja núverandi stigahús. Með því er hægt að leysa upp núverandi skipulag hæða sem auðveldar möguleika á endurskipulagningu þegar fram líða stundir.

Þessar nýju tengingar eru ekki einungis gerðar til þess að auðvelda flæði og skipulag hússins heldur einnig til þess að styrkja gaflana, sem opna sig upp á móti vegfarendum á leið sinni í og út úr miðbænum. Að auki eru breytingarnar vel til þess fallnar að auðvelda áfangaskiptingu á framkvæmdinni.

Súlnakerfi núverandi húss myndar einskonar gang og afmarkar skrifstofurými á annarri og þriðju hæð þar sem súlurnar mynda gönguleið á milli hefðbundinna skrifstofurýma. Á efstu tveimur hæðum hússins verða vinnusvæðin opnari og sveigjanlegri vegna nýs burðarkerfis sem býður upp á fjölbreyttari starfstöðvar og opnari rými.

Þá verður kjallari hússins endurskipulagður þar sem komið verður fyrir fyrirlestrasal, skjalageymslum og nýjum tæknirýmum.

Saga

Byggingin á sér á langa og fjölbreytta sögu og hýsti m.a. slökkvilið Akureyrar. Á þeim tíma voru stór op á vesturhlið jarðhæðar hússins, fyrir aðkomu slökkviliðsbíla, sem í dag eru falin á bak við viðbyggingu jarðhæðar. Þessi ásýnd og upphaflegt hlutverk hússins er innblástur höfunda fyrir þeim nauðsynlegu breytingum sem gerðar eru á jarðhæð hússins. Efri hæð núverandi viðbyggingar verður fjarlægð til þess að kalla fram upprunalegar opnanir jarðhæðar og sambærileg op mynduð á gagnstæðri hlið. Þessi aðgerð hámarkar birtu og gagnsæi jarðhæðar ásamt því að skapa stærra og betra garðsvæði. Breytingarnar endurspeglar þannig sögu hússins og myndar þau rýmislegu gæði sem opinber bygging líkt og Ráðhús Akureyrar á skilið. Á jarðhæðinni verður fjölbreytt starfsemi með móttöku, kaffihúsi, opnum fundaraðstöðum, fundarsal o.s.frv. Þannig opnar byggingin sig upp gagnvart Glerárgötu og almenningi sem gefur henni lýðræðislegt vægi. Þá veitir jarðhæðin almenningi innsýn í störf sveitastjórnar Akureyrarbæjar og brúar þannig bilið á milli starfsfólks og almennings.



Efnisval

Í byggingunni mætast nýir og gamlir húshlutar sem hnýttir eru saman með nýrri kápu. Kápan er helsta kenningaleiti ráðhússins sem rammar inn bygginguna ásamt því að taka þátt í burðarkerfi hússins sem öllu helst gefur ráðhúsinu heildrænt og samhangandi útlit.

Uppbyggingu ráðhússins mætti gjarnan líkja við hugmyndina um hlaðinn torf- eða grjóttgarð sem heldur um og styður við fína timburgrind íslenska byggingararfsins. Byggingin er þannig styrkt með ytri grind norðlenskrar jörðu (e. rammed earth) og innan við hana situr létt timburgrind tveggja nýrra hæða. Samtvinnuð burðarkerfi eru oft þau sem best þjóna tilgangi sínum, hvert byggingarefni innur af hendi þau gæði sem helst einkenna það. Líkt og tóftin, sem er endurnýtt og enduruppröðuð, öðlast hún á þann hátt áframhaldandi líf og tilgang en líta má á steinsteyptan byggingarskrokk núverandi ráðhúss sem grunnlag eða upphafspunkt í áframhaldandi sögu byggingarinnar og staðarins.

Jarðveggir eða þjöppuð jörð (e. rammed earth) eru blanda sands og fínkorna leirs sem getur innihaldið mun minna sement en hefðbundin steinsteypa. Blöndunarefnið getur þannig verið sótt að nær öllu leyti úr norðlenskum námum og kolefnisfótspor byggingarinnar þannig minnkað sem nemur áætluðu sementi. Innri rými nýbyggingarinnar og gaflar eru þá byggðir úr léttum og sýnilegum krosslímdum tréeingum (e. CLT) sem sitja innan í faðmi tóftarinnar. Formfræði ytri grindarinnar er einnig sótt í berglög umhverfisins. Óreglugleg form súlnanna vekja óljós hugrenningartengsl við basaltstuðla en ljósi liturinn heyrir til Tjörness og torfsins sem svo lengi veitti landsmönnum yl. Á milli súlnanna vaxa harðgerðar blómgandi plöntur sem minna á grænar hlíðar og lifandi garða Akureyrar. Gróðurbeðin draga inn umlykjandi garð og afmá þar með skil milli ytri og innri rými byggingarinnar.

Aðalburður grindarinnar er úr stáli og utan á það eru hlaðin áðurnefnd jarðlög.

Byggingin er einangruð að utan og múrhúðuð en hreinsuð að innan með það að markmiði að draga fram upprunalegt burðavirki hússins sem mun tóna vel við fingerðar innréttingar, innveggi, mublur, listmuni o.s.frv. Loft jarðhæðar verður klætt með rauðu hljóðdempandi

efni en rauði liturinn er til minnis um starfsemi slökkviliðsins. Rík áhersla er lögð á sýnilega viðaráferð að innan til þess að skapa hlýlega og heimilislega stemningu. Því eru innveggir og hurðbúnaður ásamt innréttingum og gluggum að mestu leiti með sýnilegri timburáferð sem býr til mjúka ásýnd og upplifun að innan. Þetta myndar einstakt samspil milli þess gamla og þess nýja og kemur til með að gefa byggingunni fallegt yfirbragð. Sambærilegar efnisútfærslur má finna í Marshall húsinu og Listasafni Reykjavíkur sem eru dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hafa öðlast nýtt líf - án þess þó að draga úr einkennum upprunalegs húss.


Allir timburveggir verða sýnilegir og hvítbæsaðir en steypitr útveggir ómeðhöndlaðir. Gluggar verða almennt áklæddir að utan. Loft, þar sem þess er þörf, verða klædd hljóðdeyfandi efnum. Gólf jarðhæðar verðura floðuð með “terrazzo” áferð en á skrifstofuhæðum klædd línoleum dúk og/eða þar til gerðum hljóðdempandi teppum.


Leitast hefur verið við að koma fyrir hreinlætisaðstöðum, salernum og ræstingum þannig að lagna-leiðir verði auðveldar og einfaldar. Loftræsting verður vélrænt innblásturs- og útsogskerfi með varmaendurvinnslu til þess að draga úr orkunotkun. Loftræsikerfinu er fjarstýrt með loftgæði-skynjurum sem mæla CO2 magn, hita og raka og tryggja að gæði innilofts sé ávallt eins og best verður á kosið.

Rík áhersla verður á lýsingu í tengslum við hönnun byggingarinnar, bæði til upplifunar og þæginda en raflagnir að öðru leyti hefðbundnar. Hljóðvist mun að sama skapi krefjast vandaðrar hönnunar m.t.t loft- og veggklæðninga en einnig hurða og glugga.

Við hönnun byggingarinnar verður beitt útsjónarsemi til þess að lágmarka kolefnisfótspor framkvæmda með vistvænu efnisvali og flokkun og meðhöndlun á byggingarúrgangi. Beitt verður lífsferilsgreiningum til að meta umhverfisáhrif framkvæmda ásamt líftímagreiningum á kostnaði til þess að draga úr soun og lágmarka rekstrarkostnað. Með því móti verður uppeldis starfsemi byggingarinnar veitt öruggt skjól samhliða því að spornað verður gegn neikvæðum umhverfisáhrifum og gætt að rekstrarhagkvæmni til framtíðar.










- Tvær nýjar lóðréttar tengingar
- Núverandi húsnæð (lokaðar skrifstofur)
- Tvær nýjar opnar skrifstofuhæðir







Grunnmynd Jarðhæð









Grunnmynd Kjallari




Grunnmynd 2. Hæð



Grunnmynd 3. Hæð




Grunnmynd 4. Hæð




Grunnmynd 5. Hæð







Kjallari




1. Hæð




2. Hæð




3. Hæð




4. Hæð




5. Hæð



1. Hæð




3. Hæð




5. Hæð

Flóttaleiðir/Brunahólf

- Stjórnarsýslusvið
- Fjársýslusvið
- Velferðarsvið
- Samfélagssvið
- Fræðslusvið
- Umhverfissvið
- Skipulagssvið
- Sameiginlegt
- Bæjarstjóri
- Tækni/Votrými



Langsnið B-B



Þversnið A-A



Ásýnd Austur




Ásýnd Suður



Ásýnd Norður



Ásýnd Vestur



Ráðhús í Garði

Skrifstofa bæjarstjóra		Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Heildar- stærð nettó m²
Starfsmenn		3	2	32
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum			1	23
Skrifstofa bæjarstjóra samtals		3	3	55
Stjórnsýslusvið		Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Heildar- stærð nettó m²
Starfsmenn		28	4	201
Fundarsalur			1	56
Mötuneyti/eldhús/ kaffibar			1	76
Viðtals og fundarherbergi			5	40
Einstaklingsrymi/sími og fl			2	12
Þjónustuanndryi/Móttökusalur			1	338
Kaffiðstaða/kaffibarir			1	19
Skjalageymsla/ljósritun			1	39
Kynningarsalur			1	83
Stólageymsla			1	25
Stjórnsýslusvið samtals		28	5	889
Fjársýslusvið		Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Heildar- stærð nettó m²
Starfsmenn		18	6	163
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum			3	66
Skjalageymsla/ prentun/ ljósritun			1	17
Einstaklingsrymi/sími og fl			2	12
Kaffihorn/kaffibarir			1	19
Sameiginlegt með Stjórnsýslusv.				
Sameiginlegt með Stjórnsýslusv.				
Fjársýslusvið samtals		18	12	277
Umhverfis- og mannvirkjavíð		Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Heildar- stærð nettó m²
Starfsmenn		24		272
Fundarherbergi			1	23
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum			2	16
Einstaklingsrymi/sími og fl			2	8
Kaffihorn/kaffibarir			1	20
Ljósritun, geymsla			2	8
Sameiginlegt með Skipulagssv.				
Sameiginlegt með Skipulagssv.				
Sameiginlegt með Skipulagssv.				
Umhverfis- og mannvirkjavíð samtals		24	5	347
Skipulagssvið		Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Heildar- stærð nettó m²
Starfstöðvar		10		0
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum			1	21
Einstaklingsrymi/sími og fl			2	8
Kaffihorn/barir			1	20
Sameiginlegt með Umhverfssv.				
Sameiginlegt með Umhverfssv.				
Skjalageymsla, ljósritun			1	17
Skipulagssvið samtals		10		66
Samfélagssvið		Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Heildar- stærð nettó m²
Starfsmenn		10		277
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum			2	16
Einstaklingsrymi/sími og fl			2	8
Kaffihorn/ kaffibarir			1	20
Ljósritun, geymsla			2	8
Sameiginlegt með Fræðslusviði				
Sameiginlegt með Fræðslusviði				
Sameiginlegt með Fræðslusviði				
Sameiginlegt með Fræðslusviði				
Samfélagssvið samtals		10		329
Fræðslusvið		Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Heildar- stærð nettó m²
Starfsmenn		17		163
Stórt fundarherbergi 16-20			1	21
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum			2	16
Einstaklingsrymi/sími og fl			2	8
Kaffihorn/kaffibarir			1	20
Ljósritun, geymsla			1	20
Sameiginlegt með Samfélagssviði				
Sameiginlegt með Samfélagssviði				
Sameiginlegt með Samfélagssviði				
Fræðslusvið samtals		17	5	245
Velferðarsvið		Fjöldi starfsmanna	Fjöldi	Heildar- stærð nettó m²
Starfsmenn		42		358
Fundarherbergi stærra			1	33
Fundar- og vinnuherbergi inn á vinnusvæðum			5	40
Einstaklingsrymi/sími og fl			2	8
Kaffihorn/kaffibarir			1	12
Ljósritun, geymsla			1	38
Sameiginlegt með Samfélagssviði				
Sameiginlegt með Samfélagssviði				
Sameiginlegt með Samfélagssviði				
Velferðarsvið samtals		42	8	489
Tækni og Votrymi				
Tækni og Votrymi				
Snyrtingar			4	76
Tæknirými í Kjallara			4	124
Tækni og Votrymi			200	
Heildarstærð		152	2,773	3,797
Rými á starfsmann			18.2	25.0